



# Framkvæmda- fréttir 11. tbl. /05



Brúagerðarmenn við Andakílsá, sjá grein í opnu.

## Auglýsingar útboða

### Ólafsfjarðarvegur (82)

á Lágheiði 05-009

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í nýbyggingu á 2,9 km löngum kafla Ólafsfjarðarvegur um Fossabrekkur á norðanverðri Lágheiði.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	69.000 m <sup>3</sup>
Skering í laus jarðlög	69.700 m <sup>3</sup>
Ræsalögn	280 m
Neðra burðarlag	7.600 m <sup>3</sup>
Malarslitlag	1.300 m <sup>3</sup>
Frágangur fláa	63.000 m <sup>2</sup>

Verkinu öllu skal að fullu lokið fyrir 15. september 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 2. maí 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 17. maí 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 sama dag.

### Auðsholtsvegur (340),

Skeiðavegur - Syðra Langholt 04-071

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð Auðsholtsvegur (340) frá Hrunamannavegi að Sóleyjarbakka, alls 2,6 km. Auk nýbyggingarinnar skal styrkja nokkra vegi í nágrenninu.

Helstu magntölur eru:

Fylling	6.100 m <sup>3</sup>
Fláafleygar	1.865 m <sup>3</sup>
Skering	1.625 m <sup>3</sup>
Neðra burðarlag, óunnið efni	16.700 m <sup>3</sup>
Efra burðarlag, unnið efni	2.260 m <sup>3</sup>
Ræsi	90 m
Girðingar	1.600 m
Tvöföld klæðing	17.265 m <sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 15. september 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 2. maí 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 17. maí 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 11. tbl. 13. árg. nr. 400 2. maí 2005

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Víktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Brúaflokkur Vegagerðarinnar frá Hvammstanga að störfum við Andakílsá.

## Ný brú á Andakílsá

Nú stendur yfir gerð nýrrar brúar á Andakílsá í Borgarfirði. Gamla brúin er steipt bitabru 44 m, byggð 1935 og endurbætt 1985. Þá var steipt utanum landstöpla og ofaná plötuna og hún breikkuð og vegrið sett utaná bríkur. Einnig voru límdar stálplötur neðan á bitana á höfunum til að auka burðarþolið og var það trúlega í fyrsta skipti sem það var gert hérlendis. Brúin er í góðu ásigkomulagi og hafa komið fram hugmyndir um að gera hana að reið- og göngubrú, eftir að hún verður lögð af fyrir bílaumferð með tilkomu þeirrar nýju. Þess má geta að Hringvegurinn (1) lá

þarna um allt til þess að Borgarfjarðarbrúin tók við honum 1980 og verður að telja brúna hafa dugað vel. Nú er hún á Borgarfjarðarbraut (50). Nýja brúin er u.þ.b. 30 metrum neðar og er myndin af gömlu brúnni tekin af vegfyllingunni á norðurbakkanum og sér til Skarðsheiðar. Nýja brúin verður jafn löng þeirri gömlu, einnig í tveimur höfum eins og sú gamla. Hún er eftirspennt. Að sjálfsögðu verður hún tvíbreið með 7,5 m akbraut. Í haust sem leið var steiptur landstöpull að norðan og síðan keyrð fylling út í ána sunnan megin frá. Síðla vetrar voru síðan steiptir landstöpull að sunnan og millistöpull. Þegar myndirnar voru teknar var verið að vinna við stálbita, sem eru undirsláttur fyrir yfirbygginguna. Brúaflokkur Vegagerðarinnar frá Hvammstanga byggir brúna en verkstjóri er Guðmundur Sigurðsson. Brúin á að vera tilbúin fyrir 15. júní nk. áður en laxveiðimenn koma með stangir sínar. Einnig fylgir brúarsmíðinni nokkur breyting á veglínu, aðallega sunnan megin þar sem aðkoman mun batna mikið. Myndir voru teknar seinasta vetrardag 20. apríl sl.

Baldur Þór Þorvaldsson



Andakílsá. Stálbitarnir eru undirsláttur fyrir yfirbygginguna.

## Auglýsingar útboða

### Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2005-2006, norðurhluti 05-018

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á Norðvestursvæði, norðurhluta á árunum 2005 og 2006. Um er að ræða alls 206 km af yfirlögnum.

Helstu magntölur eru:

Árið 2005 ..... 596.000 m<sup>2</sup>

Árið 2006 ..... 640.000 m<sup>2</sup>

Verklok verkhluta eru 1. september hvort ár.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 2. maí 2005. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 17. maí 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



*Gamla brúin yfir Andakilsá sem byggð var 1930. Hún er í þökkalegu ástandi og hafa komið upp hugmyndir um að láta hana standa fyrir reiðmenn. Þá má endurnýja handrið með sama útliti og í upphafi.*

## Viðurkenning Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang mannvirkja

Þann 11. nóvember 2003 var í fyrsta sinn veitt viðurkenning Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang mannvirkja. Tilnefnd voru verk sem lokið var við 1999-2001 og var Vatnaleið á Snæfellsnesi svo valin til viðurkenningar. Verktaki var Suðurverk hf.

Nú hefur vegamálastjóri gefið úr orðsendingu um viðurkenningu vegna mannvirkja sem lokið var við 2002-2003. Orðsendingin er birt hér fyrir neðan til upplýsingar um verklag við þetta val.

### Orðsending nr. 8/2005

#### um reglur um viðurkenningu Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang mannvirkja.

Eftirfarandi reglur gilda um viðurkenningu Vegagerðarinnar fyrir gerð og frágang mannvirkja.

#### Tilgangur

Að efla vitund um útlit og frágang mannvirkja meðal starfsmanna og verktaka Vegagerðarinnar og stuðla að umræðu þar um. Að vitna um ákveðinn vilja yfirstjórnarinnar á þessu sviði.

#### Rammi

Til álita koma fullgerð umferðarmannvirki og landmótunar verkefni sem lokið hefir verið við á árunum 2002-2004. Líta ber á þetta verkefni sem tilraunaverkefni sem verði í áframhaldandi þróun á næstu árum.

#### Tilnefningar

Hver umhverfisnefnd tilnefnir 2 – 5 mannvirki úr sínum landshluta í samráði við yfirmann svæðisstöðvar. Við valið skal taka tillit til frágangs, útlits og aðlögunar að umhverfi eins og við getur átt í hverju tilviki. Tilnefningum með rökstuðningi og upplýsingum um verkefnið skal skila til vegamálastjóra fyrir 15. júlí 2005.

#### Dómnefnd

Vegamálastjóri skipar dómnefnd og skulu þar sitja menn með þekkingu á landmótun og hönnun umferðarmannvirkja.

#### Mat mannvirkja

Dómnefnd skal hefja störf þegar tilnefningar hafa borist og meta tilnefnd mannvirki, velja þrjú til fimm bestu og velja eitt þeirra til viðurkenningar. Við matið skal taka tillit til frágangs, útlits og aðlögunar að umhverfi eins og við getur átt í hverju tilviki. Niðurstöður dómnefndar skulu birtar í Framkvæmdafréttum.

#### Viðurkenning

Veitt verði viðurkenning fyrir besta mannvirkið sem komi fram á viðurkenningarskjali sem hengt er upp á viðkomandi svæðisstöð og lýsi gerð mannvirkis og getið þeirra er einkum komu að gerð þess. Verktaka verði einnig veitt viðurkenning.

#### Kostnaður

Allur kostnaður vegna tilnefninga á svæði greiðist af Vegagerðinni á viðkomandi svæðisstöð. Vegamálastjóri ákveður meðferð kostnaðar dómnefndar með tilliti til skipunar hennar.

#### Skýrslugerð

Í árslok 2005 skal umhverfiseild skila yfirstjórn skýrslu um framkvæmd verkefnisins það ár með tillögum um hvort og hvernig því verði haldið áfram á næstu árum.

Reykjavík 30. mars 2005

JR/MBS



*Vatnaleið á Snæfellsnesi.*



## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl:Suðurland, Rn:Reykjanes, Vl:Vesturland, Vf: Vestfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.e.y: Norðurland eystra, Au:Austurland. **Rautt númer = nýtt á lista**

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
05-020 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2005, norðurhluti	05
05-019 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti	05
05-010 Yfirlagnir á Suðursvæði 2005	05
05-021 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2005, norðurhluti	05
05-003 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur - Dalbraut (færsla Sæbrautar)	05
05-002 Yfirlagnir á Suðvestursvæði, malbik	05
04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	05
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	05
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirlit	05
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði	05
05-024 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2005	05
05-023 Festun og yfirlögn á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2005-2006	05
05-025 Yfirlagnir á Suðursvæði, malbik	05
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	05
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósabatna	05
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	05
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst: Opnað:
04-071 Auðsholtvegur (340), Skeiðavegur - Syðra Langholt	02.05.05 17.05.05
05-006 Yfirlagnir á Suðvestursvæði, klæðing	02.05.05 17.05.05
05-018 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2005-2006, norðurhluti	02.05.05 17.05.05
05-009 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði	02.05.05 17.05.05
05-007 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2005, austurhluti	02.05.05 17.05.05
05-022 Kringlumýrarbraut (40) - Mikla-braut (49), breikkun gatnamóta, eftirlit	25.04.05 10.05.05
05-017 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti	25.04.05 10.05.05
05-008 Festun og yfirlögn á Norðaustursvæði 2005-2006	25.04.05 10.05.05
05-004 Kringlumýrarbraut (40)- Miklabraut (49), breikkun gatnamóta	18.04.05 03.05.05
05-016 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2005-2006	18.04.05 03.05.05
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
05-015 Sérmerkingar á Suðvestursvæði 2005	04.04.05 19.04.05
05-013 Hringvegur (1) um Eldvatnsbotna 2005	29.03.05 12.04.05

## Auglýsingar útboða

### Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2005, klæðing 05-006

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á Suðvestursvæði 2005.

Helstu magnþölur eru:

Tvöföld klæðing . . . . . 27.700 m<sup>2</sup>  
 Einföld klæðing . . . . . 111.600 m<sup>2</sup>  
 Efra burðarlag . . . . . 13.850 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 15. ágúst 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 2. maí 2005. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðju-daginn 17. maí 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Þessi auglýsing var birt í síðasta tölublaði en er birt hér að nýju vegna breytingar á **skilafresti** tilboða

### Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti 05-017

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á vesturhluta Norðvestursvæðis á árunum 2005 og 2006.

Um er að ræða alls 163 km af yfirlögnum.

Helstu magnþölur eru:

Einföld klæðing  
 Árið 2005 . . . . . 473.000 m<sup>2</sup>  
 Árið 2006 . . . . . 529.000 m<sup>2</sup>

Verklok verkhluta eru 1. september hvort ár.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66, Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 25. apríl 2005. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðju-daginn **10. maí** 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2005, austurhluti 05-007

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á Norðaustursvæði 2005, austurhluta. Um er að ræða yfirlögn, nýlögn og viðgerðir með klæðingu.

Helstu magnþölur eru:

Yfirlögn . . . . . 504.000 m<sup>2</sup>  
 Flutningur steinefnis . . . . . 7.600 m<sup>3</sup>  
 Flutningur bindiefnis . . . . . 860 tonn

Verki skal að fullu lokið 1. september 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 2. maí 2005. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðju-daginn 17. maí 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.